

Tillögu vísað frá

7-10.1 Tillaga um námskeið fyrir trúnaðarmenn KÍ

Fimmta þing Kennarasambands Íslands haldið 6. - 8. apríl 2011 beinir því til stjórnar KÍ að halda námskeið fyrir trúnaðarmenn og tengiliði i tölvupóstkerfinu Office Outlook.

Greinargerð:

Þó svo að trúnaðarmenn nýti sér tölvupóstkerfi dags daglega eru mjög margir sem ekki kunna fyllilega á forritið og hafa því ekki full not af því. Í eitthundrað manna hópi trúnaðarmanna réttu 10% þeirra upp hönd þegar þeir voru spurðir hvort þeir hefðu komið sér upp netfangalista yfir kennara skólans til þess að áframsenda tölvupóst frá félaginu.